

Nýjungar í Sögu - Útgáfa 3.1.38.4

Afgreiðsla (gaSab)

Afgreiðsla - Prentun minnismiða

SAG-4482

Textinn 'VINSAMLEGAST TILKYNNIÐ FORFÖLL' hefur verið færður fremst í línuna sem hann var í og gerður meira áberandi með því að hafa hann allan í hástöfum.

Aðstandendaskráning

Tilkynning um fæðingu - Símanúmer móður skráð með aðstandandaupplýsingum.

SAG-4589

Þegar skráð er fæðingartilkynning var móðir barns strax skráð sem aðstandandi þess. Við skráninguna hefur verið bætt við þeim símanúmerum móður sem þekkt eru í Sögu. Símanúmer sem skráð eru á móður eftir að fæðingartilkynning hefur verið send birtast ekki.

Dagplan deildar

Dagar frá aðgerð - dálki bætt við

SAG-4646

Dálkinum Dagar frá aðgerð (DFA) bætt við dagplan. Dálkurinn telur fjölda daga frá síðasta aðgerðadegi. Dálkurinn er reiknaður út frá eyðublaðinu aðgerðarlýsing #11. Ekki skiptir máli hvort blaðið er staðfest eða óstaðfest.

Eyðublað

Samskiptaseðil - flýtilistar #193

SAG-4604

Lýsing starfsmanns kaflinn sýnir nú níu línur í einu.

Einnig er hægt að ýta á takkann Textagluggi til að fá enn meira plás til að vinna með textann.

Forsíða sjúklings (gaPatientCover)

Forsíða sjúklings - Lyfjakort

SAG-4629

Heiti á kaflanum í forsíðu sjúklingsins sem áður hét "Lyf" hefur verið breytt í "Lyfjakort" til samræmis við annað í Sögu.

Forsíða sjúklings (Lyfseðlaskrá)

Forsíða sjúklings - Lyfseðlaskrá

SAG-4644

Kaflarnir:

- Lyfseðlaskrá: Óútleyst lyf
- Lyfseðlaskrá: Afgreidd lyf

Í forsíðu sjúklingsins eru núna með heitunum:

- Lyfjagrunnur: Óútleyst lyf
- Lyfjagrunnur: Afgreidd lyf

Textar í viðmóti í forsíðu sjúklingsins og spjallborði Veru minnast nú á lyfjagrunninn í staðinn fyrir lyfseðlaskrá.

Ung- og smábarnavernd (gaChildrenObservation)

SAG-4649

Breytingar á útliti forsiðu Ung- og smábarnaverndar

Nafnspjaldið er farið og heimilisfang barns því ekki lengur sýnt á forsiðu. Upplýsingar um foreldra hafa verið færðar til vinstri þar sem nafnspjaldið var en hægra megin eru núna:

- Viðvörðun um að barn sé ekki sjúkrtryggt (sést þá og því aðeins að barn sé ekki sjúkrtryggt).
- Bólusetningaráminning (sést ef aldur barns passar við bólusetningaráætlun).
- Heimilistannlæknir barns skv. skráningu hjá SÍ (ekki sýnt ef barn er með gervikennitölu).

Nýtt stilligildi 169 *Sýna heimilistannlækni í Ung og smá*

Þetta stilligildi stjórnar því hvort upplýsingar um heimilistannlækni séu sýndar, en áður en það má virkja það stilligildi þarf SÍ að veita viðkomandi stofnun leyfi til að fletta upp tannlæknaupplýsingum og það þarf að stilla í Heklu skeytamiðlaranum.

Eftir uppfærslu er hægt að virkja nýja þjónustu **SI Patient Dental Query** fyrir AppServer í töflunni `SERVER_SCHEDULED_SERVICES`.

Þessi þjónusta sér um að spyrja SÍ um tannlæknaupplýsingar fyrir börn sem eiga tímabókun samdægurs og þar sem form tímabókunar er tengt Ung- og smábarnavernd. Ekki er spurt ef barn er með gervikennitölu. Sjálfgefin tímasetning er að þjónustan skuli keyrð kl 06:00, en því má breyta ef þörf krefur. Aðalatriðið er að þjónustan keyri áður en börn mæta.

Vefþjónustur (external)

SAG-4624

MedicalDataService - GetTextViewSheetsByPatientInt

Bætt við nýju falli `GetTextViewSheetsByPatientInt` sem skilar textarsýnarupplýsingum um eyðublöð sjúklings röðuðum eftir undirritunardagsetningu blaðs (nýjasta efst). Sérhverju eyðublaði fylgja upplýsingar um samskiptin sem blaðið tilheyrir.